

Aðalfundur fimleikafélagsins Björk haldinn þriðjudaginn 6. maí 2014 kl. 20.30 í félagsheimili félagsins í íþróttamiðstöðinni Björk að Haukakrauni 1.

Dagskrá

1. Fundarsetning og ávarp formanns.

Formaður félagsins Ingvar Kristinsson setur fundinn og biður félagar velkomna á fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Ingvar ber upp tillögu um Þór Ólafsson sem fundarstjóra, tillaga samþykkt og Hannes Pétursson sem fundarritara, tillaga samþykkt.

3. Staðfest lögmæti fundarins.

Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins frá 23. apríl og með auglýsingu í Fjarðarpóstinum 30. apríl. Fundurinn var auglýstur í samræmi við lög félagsins og er því lögmætur.

4. Kannað kjörgengi fundarmanna.

Skv. lögum félagsins hafa allir félagar (sá sem iðkar íþróttir innan félagsins eða tekur þátt í starfi þess) rétt til eins atkvæðis á aðalfundi félagsins. Félagar yngri en 16 ára er ekki heimilt að greiða atkvæði á aðalfundi, en foreldri eða forráðamanni er heimilt að greiða atkvæði í stað barnsins. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi félagsins.

Allir mættir voru lögmætir fulltrúar á fundinum.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.

Liggur frammi á heimasíðu félagsins www.fbjork.is undir flípanum skjöl.

6. Skýrsla aðalstjórnar.

Ingvar gerir grein fyrir skýrslunni.

7. Reikningar félagsins.

Ingvar gerir grein reikningum félagsins.

8. Umræður um skýrslu og reikninga

Guðrún Björk: Húsaleiga erlendra þjálfara er um 3 milljónir, núna eru færri erlendir þjálfarar mun þetta lækka á næsta ári?

Ingvar: Já þetta mun lækka en launagjöld væntanlega hækka samsvarandi.

Páll: Spurning um afskriftir upp á rúmlega milljón. Hvað er það.

Ingvar: Mest eru þetta viðskiptaskuldir iðkenda og svo afskriftir eigna.

Páll: Nú er kemur TKD stjórnin alveg ný að stjórnarstarfi hjá félaginu, það voru s.s. algjör stjórnarskipti. Væri ekki hægt að fá leiðsögn um hvernig hlutirnir virka hjá Björk.

Ingvar: Mjög góð hugmynd, eitthvað sem við hefðum átt að gera fyrr. Allir sammála um að gera það sem fyrst.

Páll: Hugmynd að halda einn fund með öllum stjórnnum til að fara yfir almenn mál hjá Björk.

9. Reikningar bornir undir atkvæði.

Samþykktir samhljóða.

10. Lagabreytingar

Fyrir liggur tillaga um ný lög fyrir félagið, Ingvar gerir grein fyrir þeim

Tillaga um að bera upp lög in öll í heild sinni. Auðvitað taka tillit til athugasemda, breytingatillagna og leiðréttinga sem fram koma á fundinum.

Samhliða þessari tillögu um lagabreytingu er lögð fram eftirfarandi tillaga ef lög in eru samþykkt:

„Aðalstjórn fimleikafélagsins Björk er falið að skipa laganefnd sem rýnir lög félagsins og tekur tillit til athugasemda frá ÍSÍ ef einhverjar eru og leggur tillögur sínar fyrir aðalfund félagsins árið 2015“

Páll: Spurning um hverjir eru félagar?

Ingvar: Þetta er vettvangur fyrir fyrrverandi iðkendur og aðra sem vilja vera félagar í Björk en eru ekki að stunda íþróttir hjá félaginu.

Guðrún Björk: Réttara orðalag að segja að stjórnarmenn séu tilnefndir til aðalstjórnar en ekki kosnir. Fundurinn samþykkur þessari breytingu.

Guðrún Björk: Innsláttarvilla í 1.3, 6.1 og 6.1.2, verður lagað.

Páll: Er það ekki í lögum að hafa t.d. jafnréttisáætlun.

Ingvar: Við erum með siðreglur og fleira og við förum eftir reglugerðum sem sett eru af íþróttahreyfingunni. Á ekki heima í lögum en við förum eftir þessum leikreglum.

Gutti: Við erum einnig með handbók félagsins. Ætti að vísa í hana í lögum?
Ingvar: Er lifandi skjal og á ekki heima í lögum.

Lögin samþykkt samhljóða.

Guðrún Björk, óskar til hamingju með flott vinnu.

Einnig samþykkt samhljóða að aðalstjórn skipi laganeftnd.

11. Kosning formanns.

Í lögum félagsins 6. Grein um aðalfund stendur „...Framboð til stjórnar skal tilkynna til aðalstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund og skal tilkynna framboðin með fundarboði aðalfundar. Komi ekki nægilega mörg framboð á tilskildum tíma skal opna fyrir framboð á aðalfundi.“

Ingvar Kristinsson býður sig fram til formanns eins og fram kom í fundarboði. Ekki eru önnur framboð hann því rétt kjörin

12. Kosning 2 stjórnarmanna og 3 varamanna.

Guðrún Björk Bjarnardóttir og
Valgarður Ingi Ragnarsson
Hafa boðið sig fram sem stjórnarmenn til 2ja ára, ekki liggja fyrri önnur framboð.

Fyrir eru í stjórn Kristinn Arason og Andrés Andrésón kosnir á síðasta aðalfundi til 2ja ára. (Andrés óskar eftir að víkja úr stjórn vegna anna)
Sjöfn Jónsdóttir hefur boðið sig fram í hans stað til eins árs, ekki liggja fyrir önnur framboð.

Varastjórn:
Ekki liggja fyrir tillögur ath. Meðal fundarmanna
3 í varastjórn – ekki komu fram tillögur í varastjórn á fundinum og fól fundurinn stjórn félagsins að manna varastjórn.

13. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár.

Tillag um að Guðmundur Logi Lárusson bókar og Ingólf Arnarson yrðu skoðunarmenn. Samþykkt.

14. Ávarp formanns

Hlakkar til að starfa með nýrri stjórn. Er búinn að vera 6 ár. Spennandi tímar framundan.

15. Önnur mál.

Guðrún Björk: Það er þráðlaust internet í íþróttamiðstöðinni. Það mætti vera miði með upplýsingum hvernig má tengjast.

Þór: Það er miði í andyrinu með upplýsingum um almennt net. Svo er annað lokað net inn á fbjork sem lokað að ástæðu.

Guðrún Björk: Tímaúthlutun í húsinu. Ég met þetta sem stærsta málið fyrir næsta ár. Með fleiri tímum er hægt að þjálf fleiri iðkendur og þ.a.l. meiri tekjur. Tel að þetta væri eitthvað sem ætti að setja í forgang með fundum með bæjarstjórn o.s.fr.

Ingvar: Útskýrir úthlutunarreglur ÍBH. Það er komið nýtt frjálisíþróttahús í Kaplakrika og það stendur til að auka opnunartíma húsanu. Vonir standa til að við fáum aftur aukna tíma í Andrasal og vonandi algjört yfirráð yfir salnum.

Þór: Mun stjórn ÍBH fara betur yfir tímaúthlutun áður en hún er samþykkt (spuningu beint til Ingvars sem er í stjórn IBH)

Ingvar: Ferlið verður annað næst, m.a. verður notast við tölur í Nora/Felix til að staðfesta þessar tölur. Það er einnig búinn að vera starfshópur með formönnum félagana til að skerpa á skilgreiningunni hvað er iðkandi.

Guðrún Björk: Liggur fyrir skriflegt bréf frá félaginu af við teljum okkur hafa verið hlunfarin á síðasta ári ?

Þór: Fimleikadeild er búin að ræða þetta við framkvæmdarstjóra og bæjarstjóra til að vekja athygli á þessu.

Ingvar: Það er ekki til skriflegt erindi en það er búið að ræða þetta bæði við formann og framkvæmdarstjóra ÍBH. Benna: Skoðar ÍBH ekki mætingarskýrslur.

Ingvar: Starfsmenn íþróttahúsana ber að skrá þessar upplýsingar en það kom í ljós að þessu var ekki sinnt almennilega. Því hefur verið breytt og því ættu að liggja fyrir betri upplýsingar.

Ingvar: Það er verkefni nýrrar stjórnar að fara vel yfir hvernig uppbygging Björk er til framtíðar, jafnvel að setja fram starfshóp um hvernig við sjáum innra starf til framtíðar og inn í það kemur t.d. stækkun á íþróttamiðstöðinni.

Hannes: Þakkar fyrir sig ánægjulega 5 ára stjórnarsetu, bendir á hversu gott starf hefur verið unnið til að rétta af

fjárhag félagsins, þar fóru fremstir Gutt, Hafsteinn og Ingvar. Leggur inn tilmæli til nýrrar stjórnar að nú sé loks kominn tími til að huga betur að innra starfinu eftir að fjárhagurinn er kominn á betri stað.

16. Fundarslit.

Fundi slitið kl 22:13, fundarritari Hannes Pétursson.